

1. Inngangur

Samningur þessi er gerður á grundvelli samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningum Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra, f.h. ríkisjóðs. Samningurinn byggir á stofnanasamningi FSA og BHM frá 24. maí 2006 með síðari breytingum.

2. Aðilar

Aðilar að samkomulagi þessu eru Sjúkrahúsið á Akureyri (FSA) og Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH).

Launasetning forstöðuhjúkrunarfræðinga er í höndum framkvæmdastjórnar.

3. Skilmerki um flokkun starfa

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum hjúkrunarfræðinga auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum er byggt á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa.

4. Skilgreiningar á störfum

Í skilgreiningum á störfum hjúkrunarfræðinga er lagt til grundvallar að draga fram grunnkröfur starfsins, ábyrgð, helstu þætti og markmið í starfsþróun. Í lýsingum á einstökum störfum er leitast við að takmarka endurtekningar, þó svo að þær kröfur sem koma fram í efnisatriðum hvers starfs fylgi að sjálfsögðu með í næsta starfi á eftir.

4.1 Almenn störf (störf 1 til 5)

Störf eru fimm og miðað við eftirfarandi skilgreiningar:

- Starf 1- *Byrjandi í starfi* (launaflokkur 3.0-4.0)
- Starf 2- *Komin vel á veg í starfi* (launaflokkur 3.1-4.1)
- Starf 3- *Fær í starfi* (launaflokkur 4.0-5.0)
- Starf 4- *Vel fær í starfi* (launaflokkur 5.0-6.0)
- Starf 5- *Mjög fær í starfi* (launaflokkur 6.0-7.0)

Við ákvörðun um það hvar hjúkrunarfræðingur raðast er miðað við færni hans til þess að sinna þeim verkefnum sem leysa þarf á viðkomandi starfseiningu. Við mat á þessari færni er í fyrstu miðað við starfsreynslu starfsmanns eftir að hann hefur öðlast starfsréttindi og mætir kröfum starfsins og stofnunarinnar. Hjúkrunarfræðingurinn færast því sjálfkrafa á milli starfs 1, byrjandi í starfi og starfs 2, komin vel á veg í starfi eftir að hann hefur unnið í tólf mánuði.

Hjúkrunarfræðingurinn færast síðan milli starfa eftir mati á þeirri kunnáttu og sérhæfingu sem hann hefur náð. Í megindráttum er við það miðað að starfsmaður hafi öðlast þá færni að hann geti leyst öll þau verkefni sem eru í skilgreiningum fyrir starfið. Hjúkrunarfræðingur færast á milli starfa eftir umsókn þar að lútandi til samstarfsnefndar.

4.2 Nánari skilgreiningar á störfum

Starf 1 - Byrjandi í starfi - (launaflokkur 3.0 – 4.0)

Grunnkröfur:

Hjúkrunarpróf og starfsleyfi frá viðurkenndri stofnun hjúkrunarmenntunar og starfsleyfi frá Velferðarráðuneyti. Hjúkrunarfræðingur er að hefja störf í fagi sínu og hefur einungis lokið starfsþjálfun sem hluta af háskólanámi sínu.

Starfsmaður getur áunnið sér allt að þremur þrepum eða 7,5 % ofan á grunnröðun eftir mat á hæfni og starfsreynslu á námstímanum (Samkvæmt minnisblaði frá starfsmannáþjónustu frá 22.feb 2008).

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum hjúkrunar samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum hjúkrunar, starfseiningarinnar og stofnunar.

Helstu þættir:

Almenn verkefni hjúkrunar:

- Þróar hæfni til að gera mat á skipulagðri og veittri hjúkrunarmeðferð og að skrá framvindu.
- Vinnur með útskriftaráætlun.
- Hjúkrunarfræðingur nýtur tilsagnar reyndari hjúkrunarfræðings og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.
- Hjúkrunarfræðingur tekur virkan þátt í fræðslustarfi.

Starf 2 - Kominn vel á veg í starfi - (launaflokkur 3.1 - 4.1)

Grunnkröfur:

Hjúkrunarpróf og starfsleyfi frá viðurkenndri stofnun hjúkrunarmenntunar og starfsleyfi frá Velferðarráðuneyti. Hjúkrunarfræðingur með 1árs starfsreynslu og getur leyst af öryggi flest öll verkefni starfseiningar án beinnar tilsagnar.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum hjúkrunar samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum hjúkrunar starfseiningarinnar og stofnunar.

Helstu þættir:

- Fjölbætt/fjölbreytt verkefni sem krefjast reynslu og færni í flestum þáttum í starfsemi starfseiningar og þess að hjúkrunarfræðingurinn sýni frumkvæði í starfi sínu.
- Úrlausn á sjálfstæðum verkefnum í daglegri starfsemi.
- Hefur jákvæð samskipti, leiðbeinir og fræðir nemendur, aðstandendur og samstarfsfólk um efni sem tengist grunnþekkingu fags.
- Hjúkrunarfræðingur tekur virkan þátt í fræðslustarfsemi.

ÞÁ/UB/MS/HS/ESÓ/PER